



Alþingi
Erindi nr. Þ 130/827
komudagur 23.1.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Akureyri 16.01.2004

UMSÖGN UM TILLÖGU TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM FERÐASJÓÐ ÍÞRÓTTAFÉLAGA


Með bréfi dagsettu 10. desember s.l. var óskað eftir umsögn okkar um ofangreinda þingsályktunartillögu, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Íþróttabandalag Akureyrar (ÍBA) fagnar því, að slík tillaga er nú endurflutt og styður eindregið, að hún fái jákvæðan framgang og verði samþykkt á hinu háa Alþingi.

Ferðakostnaður hefur mjög verið ræddur innan íþróttahreyfingarinnar á Akureyri og er hér um að ræða þungan bagga fyrir íþróttafélögin, enda taka þau virkan þátt í íþróttamótum hvert á sínu sviði. Má geta þess, að á árinu 2002 nam þessi kostnaður um kr. 47 millj. hjá félögum innan vébanda ÍBA. Í barna-og unglíngastarfinu er þessi kostnaður oftast greiddur af iðkendunum sjálfum (oftast foreldrum þeirra) og má nærri geta að upp koma ýmis vandamál því samfara, þar sem efni þeirra takmarka mjög getuna til þess að standa straum af slíkum kostnaði. Hins vegar þarf ekki að draga í efa, að íþróttaiðkun barna-og unglínginga er nauðsynleg og leiðir til heilbrigðs lífnis og þroska á þessu aldursskeiði. Samskipti og keppnir við önnur íþróttafélög eru mikilvægur hluti af þessu starfi og því leggja íþróttafélögin mikla áherslu á að taka þátt í viðurkenndum mótum. Í eldri flokkunum og meistarakeppnum er ferðakostnaður einnig mjög til umræðu og eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni er hann mikill þrándur í götu fyrir íþróttafélög á landsbyggðinni, sem þurfa mjög að sækja til höfuðborgarsvæðisins vegna íþróttakeppna.

Eins og áður segir mælum við eindregið með því að fyrirbyggjandi þingsályktunartillaga verði samþykkt, því framlag í ferðasjóð af fjárlögum mundi mjög auðvelda alla starfsemi íþróttafélaganna og styrkja þau. Við vísum að öðru leiti til greinargerðarinnar með tillögunni því hún segir í raun allt sem segja þarf varðandi rökstuðning fyrir þessu þarfa málefni.

Virðingarfyllst,

Íþróttabandalag Akureyrar

Þróstur Guðjónsson
formaður